


Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2014



Reykjavík, febrúar 2015

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2014

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Edda G. Björgvinsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Ragnheiður Kristjánsdóttir



Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kona@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>
www.facebook.com/Kvennasogusafn-Islands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Til stuðnings og ráðuneytis um málefni Kvennasögusafns Íslands starfar sérstök stjórnarnefnd. Hana skipuðu árið 2014:

Edda G. Björgvinsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns
Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands
Ragnheiður Kristjánsdóttir, fulltrúi RIKK

Starfsmenn

Auður Styrkársdóttir stjórnsmálafræðingur tók við starfi forstöðukonu um mitt ár 2001. Forstöðukona er eini fasti starfsmaður safnsins. Hún hefur verið í 80% starfi frá ársbyrjun 2010. Aðrir starfsmenn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns koma að ýmsum verkefnum eftir atvikum.

Starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og stuðla sjálfst að rannsóknum á safnkostinum.

Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berast því fyrirspurnir erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grisjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagsamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðukonu: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif og fyrirlestrar.

Safnið var opið mánudaga-fimmtudaga milli kl. 10-15 en forstöðukona hafði lengri viðveru. Safnið var lokað á föstudögum og vegna orlofs forstöðukonu.

Á árinu 2014 rituðu 52 einstaklingar nafn sitt í gestabók, þar af 7 karlar. Skráð voru 11 símtöl við karlmenn og 56 við konur, 10 tölvusamskipti við karlmenn og 76 við konur. Heimsóknnum og símtölum fækkar nokkuð mikið milli ára, en slíkar sveiflur eru nokkuð algengar og ekki gott að sjá hvað veldur. Erindin voru eðlilega mörg og misjöfn og mislangan tíma tók að greiða úr þeim.

Heimsóknir á vef Kvennasögusafns eru fjölmargar á ári hverju, og sérstakur teljari fylgist með umferð. Á árinu 2014 voru innlit 13.109 talsins, fækkaði frá árinu 2013 en þá voru þau 15.702. Um 80% innlita kemur frá leitarvélum.

Útgáfu- og kynningarmál, fræðiskrif og rannsóknir

Fundir, ráðstefnur, námskeið og kynnisferðir

- Sótti fund NING (Nordic Information Network Gender) í Osló 6.-7. febrúar. Þar var m.a. rætt um væntanleg hátíðahöld á Íslandi og í Danmörku 2015 í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.
- Skipulagði og sat fund í PANNOR (Rannsóknarmiðstöðvar á Norðurlöndum í kynjafræðum), haldinn í Þjóðarbókhöllu 25. ágúst. Forstöðumenn stöðvanna báru saman bækur og samræmdu aðgerðir fyrir væntanlegt pallborð afmælisráðstefnu á vegum Norðurlandaráðs daginn eftir, 26. ágúst.

Félags- og nefndastörf

- Forstöðukona Kvennasögusafns var kjörin formaður Framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á fundi kvennasamtaka og annarra sem láta sig jafnrétti karla og kvenna varða, sem forseti Alþingis kallaði til 14. september 2013. Á árinu 2014 hélt Framkvæmdanefndin 10 fundi, en formaður nefndarinnar vann náið með framkvæmdastjóra og sótti ótal fundi aðra sem formaður nefndarinnar, ýmist á vinnutíma eða utan.

- Forstöðukona var kjörin af hálfu Framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna í 4urra manna ritnefnd afmælisrits sem mun koma út á árinu 2020. Aðrir í ritnefnd eru Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, kjörin af framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, Guðni Th. Jóhannesson, lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands, valinn af Sögufélagi, og Sumarliði Ísleifsson, sagnfræðingur, valinn af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Ritverk og erindi, önnur fræðistörf

- Erindi á málþinginu „Að eiga orðið. Þátttaka og reynsla kvenna af sveitarstjórnnum“ á vegum RIKK og Jafnréttisstofu, föstudaginn 28. febrúar í Þjóðminjasafni. Þingið var haldið í tilefni af sveitarstjórnarkosningum um vorið.

Dagskrá:

- Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og framkvæmdastýra Jafnréttisstofu. Opnun: Stjórnmaláþátttaka kvenna á vettvangi sveitarstjórna
 - Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. Ávarp: Plássfreka kynið
 - Auður Styrkársdóttir, stjórnmalafraeðingur og forstöðukona Kvennasögusafns Íslands: „Með æðari hagsýni, nærgætni og næmari tilfinningum.“ Kosningarétturinn 1882 og framlag kvenna til íslenskra stjórn mála
 - Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu: „Ég veit að þetta eru kynjaveggir.“ Viðhorf og reynsla kvenna í pólitísku starfi á sveitarstjórnarstiginu
 - Rósa G. Erlingsdóttir, stjórnmalafraeðingur: Kynjaskekkja í íslenskum stjórn málum – skipta framboðsaðferðir máli?
- Pallborðsumræður
- Fundarstjóri á málþingi til heiðurs Melittu Urbancic, „Frá hjara veraldar“, haldið í Þjóðarbókhöllu laugardaginn 8. mars við opnun sýningar á verkum hennar og æviferli.
 - Leiddi göngu um Þingholtin á slóðir kvenréttindakvenna og flutti erindi um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur í Hannesarholti, Grundarstíg 10, á vegum félagsskaparins U3A, laugardaginn 5. apríl. Um 40 manns komu í gönguna og hlýddu á erindið.
 - Endurskoðaði útgáfu á Kvennaslóðum í Kvosinni í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem greiddi þýðingu á ensku og útgáfukostnað. Ritið kom út 19. júní 2014 og ber heitið *Kvennasöguslóðir (Herstory)*, texti á íslensku og ensku, prýtt fjölda ljósmynda.
 - Leiddi göngu að kvöldlagi um Kvosina 19. júní á vegum Reykjavíkurborgar og Kvennasögusafns. Gengið frá höggmyndagarði kvenna, Perlufesti, í Hljómskálagarði, þaðan yfir í Hólavallakirkjugarð, eftir Suðurgötu og staðnæmst við Ráðhúsið, Alþingishúsið og fleiri markverða staði í Kvosinni. Fjölmenni.
 - Sat í pallborði ásamt öðrum forstöðumönnum rannsóknarmiðstöðva í kynjafræðum á hátíðarráðstefnu 40 ára samstarfs Norðurlandanna í jafnréttismálum, haldin í Hörpu þriðjudaginn 26. ágúst undir yfirskriftinni „Afmælisráðstefna - Saman um jafnrétti í

40 ár“. Sat alla ráðstefnuna og sótti hátíðarkvöldverð í boði velferðarmálaráðherra, Eyglóar Harðardóttur.

Kynning á pallborðsumræðum í dagskrá ráðstefnunnar:

15:15 Pallborðsumræður norræna sérfræðinga um jafnréttismál:

- Auður Styrkarsdóttir, forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands.
- Kerstin Alnebratt, framkvæmdastjóri Rannsóknarstofnunarinnar í kynjafræði í Svíþjóð.
- Linda Marie Rustad, forstöðumaður KILDEN í Noregi.
- Minna Kelhä, þróunarstjóri Minna – Upplýsingamiðstöðvar um jafnréttismál í Finnlandi.
- Nina Groes, forstöðumaður KVINNO in Danmörku.

Umræðustjóri: Dr. Fredrik Bondestam, rannsakandi hjá NIKK, Norræna upplýsingasetrinu um kynjafræði

- Flutti erindi á fundi í velferðarráðuneytinu um kosningarétt íslenskra kvenna og væntanleg hátíðahöld 2015 miðvikudaginn 27. ágúst. Ráðherra velferðarmála boðaði til fundarins með tveimur gestum frá Noregi sem undirbjuggu hátíðahöld vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna þar í landi árið 2013, Kurt-Ole Linn, ráðgjafa í ráðuneyti jafnréttismála í Noregi, og Hege Skjeie, prófessor í stjórnmálafræði við Oslóarháskóla og meðlim í nefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna í Noregi. Til fundarins var einnig boðið afmælisnefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, starfsfólki Jafnréttisstofu og fólki úr ráðuneytum.
- Fræddi Norður-írski þingmenn (11 manna og kvenna hópur) um jafnréttismál á Íslandi á fundi föstudaginn 26. september, haldinn á Hallveigarstöðum við Túngötu.
- Fundarstjóri á málþinginu „Verkakonur í fortíð og nútíð. Verkakvennafélagið Framsókn 100 ára“, haldið í samvinnu Eflingar, stéttarfélags, Starfsgreinasamband Íslands, ASÍ, Jafnréttisstofu og Kvennasögusafns Íslands í Iðnó, föstudaginn 10. október.
- Flutti fræðsluerindi um baráttu íslenskra kvenna fyrir kosningarétti á formannafundi Sambands sunnlenskra kvenna, haldinn á Hótel Heklu á Skeiðum, laugardaginn 8. nóvember.
- Tók þátt í fjölmönnum hugarflugsfundi Reykjavíkurborgar í Höfða í Reykjavík þar sem falast var eftir hugmyndum varðandi afmælishald 100 ára kosningaréttar kvenna í borginni, fimmtudaginn 27. nóvember.
- Leiddi göngu um Þingholtin á slóðir Þorbjargar Sveinsdóttur ljósmóður og fleiri kvenréttindakvenna á vegum U3A og flutti fyrirlestur um Þorbjörgu að lokinni göngunni í Hannesarholti, Grundarstíg 10, laugardaginn 6. desember.
- Flutti ávarp við upphaf endurflutnings leikkvenna á fyrirlestri Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, „Fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna“, í Iðnó, þriðjudaginn 30.

desember. Endurflutningurinn markaði upphaf hátíðahalda vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi árið 2015.

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg í Svíþjóð. NIKK starfar á vegum Norðurlandaráðs og er ein af stofnunum ráðsins. NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Þessi söfn hafa með sér óformlegan félagsskap sem nefnir sig NING, eða Nordic Information Network Gender.

Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og nær yfir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum.

Þann 16. ágúst undirritaði forstöðukona fyrir hönd safnsins samning við Arteria Association í Gdynia (Gdansk) í Póllandi um verkefnið „Shipyard is a woman – project of senior citizens“ sem fjármagnað er af EOG-prógrammi Evrópska efnahagssvæðisins, Citizens for Democracy. Hlutverk Kvennasögusafns í verkefninu er að vera til ráðneytis, þjálfa þátttakendur (eldri borgara) í meðferð upptökutækja og vera umsagnaraðili. Halla Kristín Einarsdóttir, aðjúnkt í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands, tók verkefnið að sér fyrir Kvennasögusafn. Hún fór til Póllands í desember í fyrstu þjálfun þátttakenda. Verkefninu skal vera lokið vorið 2016.

Starfið framundan

Handritasafn Landsbókasafns, Kvennasögusafn Íslands og Miðstöð munnlegrar sögu vinna saman að innleiðingu og skráningu skjalasafna sinna í sameiginlegan gagnagrunn. Fyrirhugað var að opna þennan grunn fyrir almenningi síðla árs 2014, en það verk tafðist sökum mikilla anna allra aðila. Mikil vinna mun verða fólgin í því að skrá safnið í þennan grunn á næstu árum.

Árið 2015 verða liðin 100 ár frá því lög voru sett er heimiluðu konum að kjósa í þingkosningum. Alþingi setti á fót nefnd til undirbúnings hátíðahöldum á árinu 2015

og á fjárlögum var úthlutað samtals 98 milljónum til þessa verkefnis. Forstöðukona Kvennasögusafns var kjörin formaður nefndarinnar. Opnaður var vefur á vegum nefndarinnar og má þar sjá þau verkefni sem hún stendur að, sjá <https://kosningarettur100ara.is>. Undirbúningurinn hefur krafist mikillar vinnu og hefur sumt fallið innan vinnutíma forstöðukonu og annað utan. Ljóst er að framlag Kvennasögusafns til þess verkefnis er mikið, bæði beint og óbeint. Það er mikils metið í samfélaginu og hróður Kvennasögusafns hefur vaxið fremur en hitt af þátttökunni.

Árið 2017 verða liðin 500 ár frá því Marteinn Lúter negldi blað á hallarkirkjuhurðina í Wittenberg, en sá atburður er talinn marka upphaf siðbótar. Fræðimenn við Háskóla Íslands hafa myndað áhugahópa um rannsóknir er tengjast siðbót og lýðræði og á forstöðukona Kvennasögusafns sæti í stýrihóp verkefnisins. Hjá Kvennasögusafni eru varðveitt gögn Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík sem þykja áhugaverð í þessu samhengi, auk þess sem forsvarsmenn verkefnisins vilja tryggja að hlutur kvenna verði ekki fyrir borð borinn.

Aðföng 2014

- 20. mars** færði Alla Dóra Smith safninu gögn úr dánarbúi Gyðu (Gyðríðar) Sigvaldadóttur (1918-2008), ljósmyndir, prófskírteini, bréf, minningarspjöld um son hennar o.fl. Gyða var frumkvöðull í leikskólastarfi á Íslandi og starfaði m.a. á Bjarnaborg, Brákarborg og Fálkaborg.
- 26. mars** bárust þrír stórir pappakassar frá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur með ýmsum gögnum, bæði gömlum og nýjum. Fyrir er mikið magn gagna frá nefndinni og verður þetta sameinað því safni.
- 1. apríl** bárust frá Laufeyju Eiríksdóttur, Bókasafni Dalvíkur, nokkur tölublöð af tímaritinu *Frúin*, 1961-1963.
- 5. maí** afhenti Valgerður Einarsdóttir, formaður Hringingsins, gögn félagsins frá því sleppti frá fyrri afhendingu árið 2003, 21. maí, fram til þessa dags. Verður skráð og sameinað því safni.
- 6. maí** barst í pósti frá Steinunni Jóhannesdóttur bæklingurinn *Svoddan ljós mætti fleirum lýsa. Passíusálmarnir til valinna kvenna*, sem Steinunn ritaði og Hallgrímskirkja í Saurbæ gaf út.
- 6. maí** sendi Laufey Waage bæklinginn „Ég man“ sem hún tók saman í tilefni af fimmtugsafmæli sínu 2. júlí 2006.
- 14. maí** barst um hendur Marðar Árnasonar kassi úr dánarbúi móður hans, Vilborgar Harðardóttur (1935-2002). Ósamstætt safn: jafnréttissíða Þjóðviljans, nokkur eintök af *Forvitinni rauð* og annað sem tilheyrir sögu Rauðsokka, gögn frá Kvennaársnefnd og fóstureyðingarnefnd, drög að ræðum og fyrirlestrum og nokkrar ljósmyndir.
- 12. ágúst** sótti forstöðukona gögn til Hrefnu Clausen að Blómvallagötu 13, úr búi látinnar frænku hennar, Katrínar Gísladóttur hjúkrunarkonu. Tveir pappakassar af óskilgreindum gögnum. Óvíst um innihald þar til sérstök lýsing verður gerð.
- 10. september** færði Gunnar Stefánsson safninu vélritað handrit með eiginhandarundirskrift Þorbjargar Árnadóttur frá Skútustöðum, hjúkrunarkonu, „Föðurlaus“, frá Ríkisútvarpinu. Annað eintak er til hjá Kvennasögusafni í safni Þorbjargar (KSS 561). Sagan var lesin í útvarpið 10.12. 1976.
- 16. desember** færði Guðrún Hallgrímsdóttir safninu nokkuð af skjölum viðvíkjandi Nordisk Forum 1988, Netinu, samskiptaneti kvenna í atvinnulífinu, Kvennaathvarfi og Jafnréttisráði.